

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreina séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.). Mál nr. 66/2022 birt 18.03.2022 á Samráðsgátt.**

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs vísar til fyrri umsagna sinna um málið, annars vegar við mál nr. 291/2019 birt á Samráðsgátt 20.11.2019 og hins vegar við mál nr. 700, þingsjal 1179, á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Ítrekar stjórn sjóðsins þó sérstaklega eftirfarandi atriði;

**3. gr. – tilgreind séreign**

Stjórn Brúar gerði alvarlegar athugasemdir við fyrsta frumvarp um málið, sem er frá árinu 2019, þar sem virtist gert ráð fyrir því að allir sjóðir landsins starfræktu séreignadeild og myndu taka við tilgreindri séreign. Í frumvarpi um málið frá árinu 2021 var þó fallið frá þeirri hugmynd. Í því frumvarpi sem umsögn þessi tekur til hefur sá málsliður sem um ræðir ratað aftur í frumvarpið. Um er að ræða eftirfarandi málslið; „Skilyrði er að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir sameignarhluta iðgjaldsins til.“

Kveðið er á um útgreiðslureglur tilgreindrar séreignar í 6. gr. frumvarpsins, í nýrri 14. gr. a. Ítrekar stjórn Brúar fyrri afstöðu sína að um ákveðna þversögn er að ræða og í raun óþarfa skilyrði sett fram í umræddri 3. gr. frumvarpsins. Leggur stjórn sjóðsins til að umræddur málsliður verði fjarlægður úr texta 3. gr. frumvarpsins.

Þá ítrekar stjórn Brúar þá afstöðu sína að tilgreind séreign mun auka flækjustig lífeyriskerfisins sem er flókið fyrir. Stofnaðilar sjóðsins, BSRB, BHM, KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa ekki samið í sínum kjarasamningum um tilgreinda séreign.

Sérstaklega er ítrekað að nauðsynlegt er að svigrúm sé gefið til þess að skoða hvaða áhrif lögleiðing tilgreindrar séreignar hafi á A deild sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu hans. Útilokað er að lægri iðgjaldaprósenta standi undir jafnri ávinnslu eins og samþykktir eru í dag, en forsendur við breytingar á A deild og uppgjör launagreiðanda voru að mótframlag í samtryggingu til grundvallar jafnri ávinnslu yrði 11,5%. Rýna þarf heimildir sjóðsins til að heimila eða neita sjóðfélögum um jafna ávinnslu réttinda kjósi þeir að færa 3,5% af mótframlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign. Hafa ber í huga í þessu samhengi að staða lífeyrisaukasjóðs A deildar sýnir nú þegar halla miðað við núverandi forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Þrátt fyrir að nú sé rýmri frestur gefinn fram að gildistöku frumvarpsins, en í fyrri frumvörpum um málið, telur stjórn sjóðsins nauðsynlegt að enn rýmri frestur sé gefinn hvað varðar umrætt ákvæði frumvarpsins og gildistöku gagnvart A deild sjóðsins. Leggur stjórn Brúar til að við 7. gr. frumvarpsins verði til nýtt bráðabirgða ákvæði XVIII sem orðast svo: „Ákvæði 2. – 4. mli. 2. mgr. 4. gr. taka ekki gildi gagnvart sjóðfélögum sem öðlast hafa rétt til jafnrar ávinnslu í A deild Brúar lífeyrissjóðs fyrr en 1. janúar 2024.“

## 5. gr. – verðtrygging lífeyris

Stjórn sjóðsins furðar sig enn á þeirri tillögu að verðbæta lífeyrinn aðeins einu sinni á ári. Þrátt fyrir að frumvarpið hafi að geyma ítarlegri rökstuðning en í fyrra frumvarpi um sama mál er það mat stjórnarinnar að ekki sé ástæða til að breyta áratuga framkvæmd á útreikningi lífeyris hjá lífeyrissjóðunum vegna vandkvæða Tryggingastofnunar ríkisins varðandi endurreikning bóta úr almannatryggingakerfinu.

Að lokum ítrekar stjórn sjóðsins þá afstöðu sína sem fram kom í umsögn sjóðsins dags. 27. apríl 2021 um frestun á lögfestingu frumvarpsins og að innihald þess verði tekið fyrir í grænbókarvinnu stjórnvalda **sem unnin verði í samstarfi við alla aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðina**. Sérstaklega er vísað til umsagnar Efnahags- og viðskiptanefndar frá 12. júní 2021 þar sem hvatt var til þess að samráð yrði haft við hagaðila um breytingar. **Ekkert samráð hefur verið haft** við lífeyrissjóðinn um efni frumvarpsins og virðist frumvarp nú þetta eingöngu lagt fram í kjölfar áskorunar ASÍ og SA dags. 18. feb sl. eftir að hafa legið í dvala í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu frá vori 2021.

Reykjavík, 25. mars 2022  
Fyrir hönd stjórnar Brúar lífeyrissjóðs,



Gerður Guðjónsdóttir  
Framkvæmdastjóri



Þóra Jónsdóttir  
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs